

# **Yfirlýsing frá Friðriki Ómari vegna yfirlýsingar Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu.**

Þann 29. nóvember sl. sendi Hvítasunnukirkjan Fíladelfía frá sér yfirlýsingu og áréttaði að samkynhneigðir væru velkomnir í söfnuðinn. Það þykja mér góð tíðindi og fagna ég þeim. Þar sem ég er nafngreindur í yfirlýsingunni vil ég senda frá mér eftirfarandi:

Í yfirlýsingunni kemur fram að tónlistarstjórar Hvítasunnukirkjunnar hafi veg og vanda að skipulagningu jólatónleika Fíladelfíu og ráði söngvara á faglegum forsendum. Enn fremur er tekið fram að stjórn Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu hafi aldrei borist beiðni þess efnis að undirritaður komi fram á tónleikunum.

Sannleikurinn er sá að ég hef haft samskipti við tónlistarstjóra safnaðarins varðandi tónlistarflutning með kórnum en þau sjá um skipulagningu tónleikanna. Árið 2007 ræddi ég við tónlistarstjóra í tengslum við að ég kæmi fram með kór safnaðarins. Á þeim tíma var mér tjáð af tónlistarstjórunum að mín samkynhneigð “gæti farið fyrir brjóstið á fólki innan safnaðarins, hneykslað einhverja” og þess vegna gæti ekki af því orðið. Þótti mér það miður.

Þetta hef ég bæði munnlegt og skriflegt. Yfirlýsing Hvítasunnukirkjunnar er því ekki rétt hvað varðar tónlistarflutning af minni hálfu í kirkjunni og að beiðni hafi aldrei borist frá mér.

Ég sat ágætan fund með Verði Leví förstöðumanni kirkjunnar og tónlistarstjórunum mánudaginn 30. nóvember sl. Þar ræddum við ágreining okkar og fjölmiðlaumfjöllun og skildum sátt. Í framhaldinu stóð til að við myndum senda frá okkur sameiginlega yfirlýsingu til að lægja öldurnar og umræðuna sem var í þjóðfélaginu. Ekki náðist sátt um orðalag yfirlýsingarinnar.

Ég tek það fram að ég er ekki eini samkynhneigði einstaklingurinn á Íslandi. Í umræðunni undanfarna daga hef ég heyrt raddir þess efnis ég hafi stígið fram með þetta mál sökum athyglissýki. Þeir einstaklingar sem halda slíku fram vilja beina athygli fólks frá því sem skiptir máli. Haft var samband við mig frá fjölmiðli sem hefur líklega kynnt sér málið og hafði áhuga á persónulegri reynslu minni af Hvítasunnukirkjunni.

Ég hef ríka réttlætiskennd og vil því segja frá staðreyndum málsins.

Ég harma það mjög að samkynhneigð geti farið fyrir brjóstið á (sumu) fólki í Hvítasunnukirkjunni eins og tónlistastjórar kirkjunnar tjáðu mér á sínum tíma. Ég túlka yfirlýsingu Hvítasunnukirkjunnar þannig að með henni hafi orðið ný viðhorfsbreyting gagnvart samkynhneigðum. Þetta er greinileg breyting miðað við mína reynslu af kirkjunni sem ég fagna. Batnandi mönnum er best að lifa.

Þær umræður í fjölmiðlum um að sýna ekki frá jólatónleikum kirkjunnar á aðfangadag á RÚV, eiga að mínu mati alveg rétt á sér með tilliti til reynslu samkynhneigðs einstaklings af kirkjunni. Ríkismiðill ætti ekki að hygla undir misrétti.

Með ósk um gott gengi á jólatónleikum Fíladelfíu og starfi Hvítasunnukirkjunnar.